

Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-227/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting Deiliskipulag – Seyðisfjarðarkaupstaður - Langahlíð

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Lönguhlíð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Í greinargerð kemur fram að breyting er nú gerð þannig að landinu er skipt upp að nýju í sjö lóðir, Langahlíð 1 -7, þar sem lóðirnar nr. 1 - 6 eru fyrir rekstur gistipjónustu í stakbyggðum húsum, en á lóð nr. 7 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi. Gert er ráð fyrir einföldum vegi út hjallabrúnina og aðkomu frá honum að hverri lóð fyrir sig.

Forsendur

Sýndur er úrdráttur úr aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977 – 1997, en stofnunin telur að afmörkun á skipulagssvæðinu sem er til umfjöllunar er á röngum stað.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun telur að samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggi landið Lönguhlíð innan hverfisverndarsvæðisins H2 Vestdalur og Vestdalseyri og því mikilvægt að það sé tekið tillit til svæðisins í breytingartillögunni.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri og er númer 607 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er víðfeðmt er lýst sem víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Þar er fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í greinargarð hver áhrif breytinganna verða á náttúruminjarnar.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur